

Stjórnarfundur Klifursambands Íslands



Nr. fundar: 45	Dagsetning: 13.5.2026
Tími: 17:15	Staður: Ármúli 21
Fundarstjóri: Laufey	Fundarritari: Guðmundur
Viðstödd: Laufey (framkvæmdastjóri), Benedikt (formaður stjórnar), Harpa (stjórn), Guðmundur (stjórn), Sara(stjórn), Birkir (stjórn) og Svanur (varastjórn)	

Efni fundar

1. Kynning á starfinu
 - a. Laufey fer yfir starf sambandsins til að stilla saman strengi með nýjum stjórnarmeðlimum
2. Fundargerð síðasta fundar, nr. 44, borin fram til samþykktar.
 - a. Samþykkt án athugasemda
3. Úthlutun hlutverka
 - a. Varaformaður - Birkir
 - b. Gjaldkeri - Sara
 - c. Ritari - Mundi
4. Toppstöðin
 - a. Vilji innan KÍ til að vera með aðstöðu þjóðarleikvangs í Toppstöðinni
 - b. Benni óskar eftir umboði frá stjórn til að halda áfram að vinna í að skoða möguleika á stofnframlagi frá ríkinu til að koma upp keppnisaðstöðu í Toppstöðinni
 - c. Stjórn veitir umboð og telur mikilvægt að stuðla að því að keppnisaðstaðan hér heima sé í samræmi við alþjóðlega staðla. Höfum ekki getað uppfyllt þær kröfur hingað til
5. Staðan á afrekssjóð ÍSÍ
 - a. Úthlutunarreglur hafa ekki verið nógu skýrar að mati KÍ, verið að vinna í að endurskoða þær og við gætum þess að okkar athugasemdir komist til skila við þá vinnu
 - b. Þurfum meiri vissu um okkar flokkun og úthlutun til að geta skipulagt okkar starf
 - c. Mestu máli skiptir að fá starf okkar metið að verðleikum til að hægt sé að halda úti virku afreksstarfi
 - d. Í lok mánaðar verða kynntar nýjar reglur um úthlutun afrekssjóðs og við fylgjumst með gangi mála
6. Úthlutunarreglur afrekssjóðs KÍ
 - a. Vinna hafin við að einfalda regluverk og gegnsæi varðandi úthlutanir úr afrekssjóði



- b. Hafa verið 2 sjóðir en einfaldara væri að sameina og skýra úthlutunarreglur beggja sjóða.
- 7. Rammi utanum nefndir
 - a. Þörf á betri ramma utan um nefndir innan KÍ
 - b. Skilgreina þarf betur hlutverk og starfsreglur nefnda
- 8. Auka General Assembly í sumar, finna stefnu KÍ
 - a. Aðalfundur World Climbing fór nýlega fram
 - b. Haldinn verður aukafundur í sumar til að ræða þáttöku þjóða sem eru í virkum stríðsátökum
 - c. KÍ þarf að móta sína stefnu í þessum málum fyrir þann fund

Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá

Næsti fundur

Næsti fundur boðaður 18.júní kl 17:15

Dreifing fundargerðar

Fundargerð verður birt á vef KÍ.

Fundi slitið 18:57

